

Samkomulag um samstarf  
Náttúruminjasafns Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða, vísinda- og þjónustustofnun sem lögum samkvæmt skal sinna rannsóknum á fræðasviði sínu og vera miðstöð miðlunar á upplýsingum um náttúru Íslands, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda.

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum er opinber háskóli og deildir hans sérhæfa sig á sviði ferðamála, hestafræða og fiskeldis og fiskalíffræði. Skólinn veitir nemendum sínum menntun til að vinna sjálfstætt að vísindalegum verkefnum, stunda rannsóknir í þágu íslensks samfélags og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu.


Náttúruminjasafn Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum gera með sér samkomulag þetta með það að markmiði að stuðla að samstarfi stofnananna og efla rannsóknir og fræðslu á sviði náttúrufræða og ferðamála.

Stofnanirnar munu starfa saman í samræmi við ofangreind meginhlutverk sín og ákvæði laga þar að lútandi, m.a. með eftirfarandi hætti:


1. Að hvetja fræðimenn og nema stofnananna beggja til samstarfs og rannsókna á sameiginlegum fræðasviðum.
2. Að veita fræðimönnum og nemum stofnananna gagnkvæma aðstöðu til fræðistarfa í samráði við stjórnendur þeirra. Hér undir fellur aðgangur að húsnæði, rannsóknarbúnaði og gagnasöfnum.
3. Aðilar skulu gera með sér sérstakan verksamning um tiltekin, afmörkuð rannsókna- og samvinnuverkefni. Þar skulu tíunduð markmið, efnistök og tímasettir áfangar með verklokum.
4. Fræðimenn og nemar stofnananna skulu leitast við að miðla upplýsingum úr rannsóknum sínum og deila sín á milli og til almennings.

Reykjavík, 5. september 2014

f.h. Náttúruminjasafns Íslands

  
Hilmar J. Malmquist  
forstöðumaður

f.h. Hólaskóla – Háskólans á Hólum

  
Erla Björk Órnólfssdóttir  
rektor

Vottar: Hlöfna B. Ingólfssd.

